

**33. fundur skólanefndar haldinn Reykholtsskóla, Reykholti,  
mánudaginn 27. nóvember 2023, kl. 15:30.**

**Fundinn sátu:**

Áslaug Alda Þórarinsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Grímur Kristinsson, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Sólmundur Magnús Sigurðarson, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfdanardóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Karl Hallgrímsson, Bláskógaskóla Reykholti, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Ólöf Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Ragnheiður Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna og Ásta Stefánsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri,

**1. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018**

Kynning á fjárhagsáætlunum leik- og grunnskóla  
*Skólastjórnendur kynntu fjárhagsáætlunir næsta árs.*

**2. Regur leikskóla Bláskógabyggðar - 2311003**

Tillaga að breytingu á reglum um leikskóla  
*Skólanefnd samþykkir að vísa reglunum til umsagnar hjá skólaráðum Reykholtsskóla og Bláskógaskóla Laugarvatni og foreldraráði Álfaborgar.*

**3. Kynja- og jafnréttissjónarmið við breytingar á fyrirkomulagi leikskóla - 2311022**

Erindi Jafnréttisstofu, dags. 10.11.2023, þar sem bent er á mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla.

*Erindið var lagt fram til kynningar.*

**4. Náttúruhamfarir á Reykjanesi - 2311017**

Upplýsingar frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga varðandi leik- og grunnskólagöngu barna úr Grindavík, upplýsingar um stöðu mála í leik- og grunnskólum Bláskógabyggðar.

*Lagðir voru fram tölvupóstar sem innihalda upplýsingar um leik- og grunnskólagöngu barna úr Grindavík. Skólastjórnendur gerðu grein fyrir því hversu mörg börn með lögheimili úr Grindavík hafa nú verið skráð í leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar.*

**5. Rýmisþörf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar - 2204023**

Afgreiðsla sveitarstjórnar frá 15.11.2023 á tillögum starfshóps um húsnæðismál leik- og grunnskóla.

*Bókun sveitarstjórnar frá 15.11.2023 var lögð fram. Þar var eftirfarandi tillaga sveitarstjórnar lögð fram:*

KH  
SES  
HS  
L.S. 70  
CU  
RB

Hópurinn leggur til við sveitarstjórn að skólastjórabústaður í Reykholti verði nýttur fyrir frístund Reykholtsskóla.

Hvað húsnæðismál Bláskógaskóla Laugarvatni og Reykholtsskóla almennt varðar leggur hópurinn áherslu á að góð aðstaða verði fyrir nemendur og starfsfólk og í samræmi við áherslur í kennslu. Bæta þarf aðstöðu og stækka á báðum stöðum. Hópurinn leggur til við sveitarstjórn að hafinn verði undirbúningur að umbótum ekki seinna en eftir 3 ár.

Áhersla er lögð á að húsnæðismálin verði rædd í vinnu við skólafélag.

Lagt er upp með að Bláskógaskóli Laugarvatni rúmi 80-100 nemendur, í leik- og grunnskóla, og Reykholtsskóli rúmi 120-150 nemendur og að öll kennsla verði undir sama þaki, að undanskildum íþróttum, sundi og útikennslu.

Nokkur brýn, smærri, verkefni liggja fyrir sem hafinn er undirbúningur að og farið verður í, svo sem aðstaða fyrir frístund í Reykholti, vagnageymsla á Laugarvatni, auk þess sem finna þarf húsnæði fyrir félagsmiðstöð á Laugarvatni.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu hópsins um nýtingu skólastjórabústaðar í Reykholti.

Sveitarstjórn samþykkti einnig áherslur hópsins um uppbyggingu og endurbætur í húsnæðismálum og að í þriggja ára fjárfestingaáætlun sem gerð verður samhliða fjárhagsáætlun ársins 2024 verði gert ráð fyrir fjármagni til að hefja undirbúning framkvæmda.

Sveitarstjórn fól sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs að gera tillögu að lausn varðandi vagnageymslu við leikskóladeild Bláskógaskóla Laugarvatni, svo og að skoða möguleika á að bæta loftræsingu á leikskóladeild. Oddvita og sveitarstjóra var falið að kanna möguleika á að útvega félagsmiðstöðinni betri aðstöðu á Laugarvatni.

## 6. Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2023 - 2311023

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.10.2023, varðandi úthlutun úr Námsgagnasjóði.

Yfirlit sem sýnir upphæð úthlutunar fyrir hvern skóla var lagt fram.

Fundi slitið kl. 16:30.


  
Grímur Kristinnsson

  
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

  
Sólmundur Magnús Sigurðarson

  
Harpa Sævarsdóttir

  
Hildur Hálfdanardóttir

  
Lieselot Simoen

Karl Hallgrímsson

Íris Anna Steinarrsdóttir

Ólöf Kristjánsdóttir

Ragnheiður Bjarnadóttir

Asta Stefánsdóttir